

Sp. 298. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um viðbúnað vegna ófriðarhættu.

Flm.: Kristín Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nægar birgðir séu jafnan til í landinu af hjúkrunargögnum, lyfjum og öðrum brýnustu nauðsynjum, vegna yfirvofandi ófriðarhættu.

Alþingi ályktar enn fremur að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, í samráði við bæjar- og sveitarfélög, að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis borgurunum, ef til styrjalda dregur.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að styrjaldarottinn grípur nú ört um sig í heiminum, enda full ástæða til að óttast, að styrjöld sú, er nú geisar í Kóreu, kunni þá og þegar að breiðast út og verða að hinni þriðju heimsstyrjöld. Takist svo hörmulega til, þrátt fyrir friðarvilja meginþorra mannkyns, eru líkur til, að land okkar muni sogast inn í þann hildarleik. Verður því að teljast tímabært, að nú þegar séu gerðar allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til öryggis landsmönnum, svo sem að nægar birgðir séu til af lyfjum og hjúkrunargögnum, svo og nauðsynlegustu matvörum. Enn fremur er þörf á, að athugaðir séu möguleikar á að flytja börn og gamalmenni burt af hættulegustu stöðunum, þangað sem hættan er talin minni.